



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 9. september 2026

SFS26080134

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Vinstrisins um störf skólaliða og útvistun ræstinga

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 31. ágúst 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Vinstrisins:

Nú hefur skólaliðum í grunnskólum verið sagt upp en þeir hafa ekki eingöngu sinnt ræstingum heldur einnig veitt nemendum stuðning og aðstoð í gegnum skóladaginn. Ræstingum hefur verið útvistað til utanaðkomandi fyrirtækja. 1. Er gert ráð fyrir því að starfsfólk ræstingafyrirtækja taki að einhverju leyti við þeim verkefnum sem skólaliðar hafa sinnt gagnvart nemendum á skólatíma? Ef svo er, hvernig verður tryggt að það starfsfólk uppfylli hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsfólks grunnskóla? 2. Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að við ráðningu starfsfólks grunnskóla skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Hvernig verður tryggt að þessar kröfur séu uppfylltar gagnvart starfsfólki utanaðkomandi fyrirtækja sem starfa innan veggja grunnskóla? 3. Munu ræstingastarfsmenn eingöngu sinna störfum sínum eftir að skóladegi lýkur? Og ef svo er, hver mun taka við stuðningshlutverki gagnvart nemendum sem skólaliðar hafa hingað til sinnt? Hefur verið lagt mat á áhrif þess að þessi stuðningur falli niður eða flytjist til annarra starfsmanna?

Svar:

Ekki er gert ráð fyrir að starfsfólk ræstingafyrirtækja sinni nemendum á skólatíma. Í útboðslýsingu er skilyrt að starfsfólk verksala sem að verkinu kemur hafi sýnt fram á hreint sakavottorð og getur verkkaupi farið fram á að fá að samþykkja þá starfsmenn sem koma að verkinu. Í einhverjum tilfellum hefja ræstingafyrirtækin vinnu við ræstingu í þeim einingum skóla sem ekki verða í notkun ákveðinn hluta dags þó skóladegi sé ekki lokið en í flestum tilfellum er um að ræða ræstingu eftir að skóladegi lýkur. Starfsmenn ræstingafyrirtækja munu ekki gegna stuðningshlutverki eða hafa afskipti af börnum. Stuðningur, sem veittur er af skólaliðum, mun ekki falla niður og þetta hefur ekki áhrif á þann tíma sem veittur er í þannig stuðning. Áfram verða skólaliðar að störfum í grunnskólum sem sinna nemendum, t.d. við frímínútnagæslu, fylgd í sund/íþróttir og fleira.



Reykjavík